

**Sp.**

**86. Tillaga til þingsályktunar**

[80. mál]

um stofnlánasjóð vegna stórra atvinnubifreiða og stórvirkra vinnuvéla.

Flm.: Helgi F. Seljan, Karvel Pálmason, Páll Pétursson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að komið verði á fót stofnlánasjóði, sem hefði það hlutverk að veita stofnlán til kaupa á vörubifreiðum, langferðabifreiðum og stórvirkum vinnuvélum.

**Greinargerð.**

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga og er því endurflutt.

Vörubifreiðar hvers konar verða sífellt stærri og dýrari og útbúnaður allur fullkomnari og um leið kostnaðarsamari.

Vöruflutningar á landi með stórum bifreiðum fara sívaxandi, m. a. vegna bættra vegasamgangna landshluta á milli. Þó að deila megi um, hversu vel slíkir flutningar henta þjóðvegakerfi okkar, verður þessi þróun varla stöðvuð.

Nauðsyn góðrar þjónustu í farþegaflutningi með bifreiðum er ótvíræð og brýn þörf á því, að skipulag þessa þáttar samgangna verði eflt og bætt stórlega. En langferðabifreiðar eru dýr tæki, og þar sem samgöngur eru erfiðastar, vegir víða slæmir, en þörfin um leið allra mest á þessum samgöngutækjum, þar er ástandið oftlega lakast, einmitt vegna þess að viðskiptin eru hvergi nærri nægileg til að bera uppi eðlilega endurnýjun.

Sums staðar liggur við stöðvun af þessum ástæðum, — stöðvun þessarar annars nauðsynlegru þjónustu. Stórvirkar vinnuvélar hvers konar eru æ meira notaðar, kranar, gröfur, ýtur o. s. frv., og einnig þessi tæki verða fullkomnari og um leið dýrari.

Staðreynd er, að allir þeir, sem hefja vilja atvinnu á einhverju því sviði, sem hér er nefnt, og þurfa til þess að eignast atvinnutækið, eiga mjög erfitt með það, séu þeir ekki því fjáðari fyrir eða hafi óvenjugott lánstraust í banka. Því hlýtur að vera á því nauðsyn, að þessir aðilar eigi kost á eðlilegri fyrirgreiðslu í stofnlánnum, en hún er ekki fyrir hendi í dag.

Bygðasjóður hefur fengið fjölda slíkra umsókna, sinnt sumum, öðrum ekki, allt eftir eðli umsókna. M. a. mun Bygðasjóður nú lána 30% til stórvirkra vinnuvéla, að uppfylltum ýmsum skilyrðum. Það hlýtur þó að teljast óeðlilegt, að Bygðasjóður eigi að koma hér inn í lánakerfið, nema þá sem alger viðbótaraðili, þar sem erfiðast er uppdráttar atvinnurekstri af þessu tagi. Verkefni hans eru ærin fyrir. Eðlileg fyrirgreiðsla í stofnlánnum til þessara aðila hlýtur að teljast sjálfsögð, en spurning hins vegar um það, hver hún eigi að vera, þ. e. hversu há prósentu af heildarkaupverði atvinnutækis.

Um fjármögnun sjóðsins hlýtur að miklu að verða að fara svipaðar leiðir og gilda gagnvart öðrum stofnlánasjóðum.

Aðeins skal bent á tvær eðlilegar leiðir: Annars vegar, að Framkvæmdasjóður leggi til lánsfé, og í öðru lagi komi til gjald frá eigendum þessara atvinnutækja, sem þeir skiluðu til sjóðsins eftir vissum reglum.

Fleiri leiða mætti efalaust leita, en skal ekki frekar gerð grein fyrir hér.

En þörf allra þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, á einhverri verulegri fyrirgreiðslu í stofnlánnum er slík, að ekkert er eðlilegra en þeir njóti einhvers þess réttar, sem hér er farið fram á. Því er tillaga þessi flutt.